

**Ed.**

### **317. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

#### **1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum vátryggingafélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að það hafi ekki í eigin áhættu einstakar áhættueiningar, er nemi hærri upphæðum en  $\frac{1}{5}\%$  af heildaráhættu þeirri, sem félagið ber, þó ekki yfir 5% af eignum þess. Nánar má ákveða um þetta í reglugerð, ef þurfa þykir. Að öðru leyti er það á valdi félagsins í samráði við hlutaðeigandi ráðherra að ákveða, hvað og hvar það endurtryggir eða samtryggir.

Áhættueining telst vera einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambruna-hættu er að ræða, hvort tveggja að meðtöldu lausafé, sem vátryggt kann að vera í húsunum.

#### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Hinar fastskorðuðu reglur 7. greinar laga félagsins, um endurtryggingu, eru hvorki nauðsynlegar lengur né samræmast hag félagsins.

Endurtryggingarsamningur sá, er félagið hefur nú, fellur úr gildi 15. október næstkomandi. Er félaginu því nauðsyn að fá endurtryggingarákvæði laganna breytt fyrir þann tíma, er það leitast fyrir um endur- eða samtryggingu á ný.

Breyting sú, er hér er farið fram á, að gerð sé á endurtryggingargrundvellingum, er byggð á áliti og tillögum, sem K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur, framkvæmdastjóri Stríðstryggingafélags ísl. skipshafna, gerði á s. l. ári eftir beiðni atvinnumálaráðuneytisins, og eru reglurnar í samræmi við það, sem tíðkast í mörgum erlendum brunatryggingafélögum.

Hér á landi eru nú starfandi þrjú innlend vátryggingafélög, sem líklegt er, að félagið geti náð samningum við, eitt eða fleira, á þeim vátryggingargrundvelli, sem frumvarpið ákveður.